



Ágúst 2020

HVATARBLAÐIÐ

TOMBÓLAN

Á BORG 8. ÁGÚST

Kl 12.00 til 15.00

eða á meðan miðar endast...

Tombólan á Borg er haldin

Grímsneshrepps

AFLÝST



Í ár munum við leyfa Tombólunni okkar að eiga sviðið vegna fjöldatæknarkanna í samfélaginu í stað Grímsævintýra en hún hefur verið haldin árlega frá árinu 1926. Munum 2ja metra regluna og gætum að sóttvörnum. Flæði gesta um húsið verður stýrt



Tombólunni á Borg 2020 er aflýst!

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu sjáum við í Kvenfélagi Grímsneshrepps okkur því miður ekki fært að halda okkar árlegu Tombólu á Borg í ár. Á vormánuðum vorum við búnar að fara yfir allar áætlanir sem viðhafa þarf fyrir litlu sveitahátíðina okkar, Grímsævintýri, og einfalda okkur skipulagið þar sem Tombólan átti að eiga sviðið í ár.

Við viljum axla samfélagslega ábyrgð og standa ekki fyrir fjölmönnum samkomum á tímum sem þessum og með því mögulega stuðla að hópsmitum.

Skipulagið á Tombólunni var langt komið og margir vinningar komnir í hús. Við munum nýta þá vinninga sem við getum geymt til næsta árs en aðrir sem ekki hafa jafnmikinn endingartíma verða nýttir í fjáröflunarviðburðum sem haldnir verða á haustmánuðum, eftir því sem aðstæður leyfa. Við sendum kærar þakkir til allra sem hafa stutt okkur með vinningum í ár sem og önnur ár.

Við komum öflugar til baka með Grímsævintýrin á næsta ári. Tombólan okkar sem halda átti í 95. skipti, fellur nú niður í fyrsta sinn síðan 1926. Hún verður að sjálfsögðu á dagskrá að ári, til að kæta og gera okkur áfram kleift að styðja góð málefni í samfélaginu.

Kvenfélag Grímsneshrepps



Ræstingar á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir laust til umsóknar starf við ræstingar á skrifstofu sveitarfélagsins að Borg.

Leitað er að reglusömum, traustum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur m.a. til að bera góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Starfið felst í að sjá um þrif á skrifstofum sveitarfélagsins, kaffistofu, salernum, gangi og anddyri. Vinnutími er seinni part dags, tvisvar í viku.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ♦ Sjálfstæði og frumkvæði.
- ♦ Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- ♦ Góð samskiptahæfni.
- ♦ Hreint sakavottorð.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til sveitarstjóra á netfangið gogg@gogg.is eigi síðar en föstudaginn 21. ágúst n.k.

Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri í gegnum tölvupóst á netfangið gogg@gogg.is



486. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 1. júlí 2020 kl. 09:00 - 12:15 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Fundinn sátu:

- Ása Valdís Árnadóttir, oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 198. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 24. júní 2020.

Mál nr. 9, 10, 11, 12 og 15 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 198. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 24. júní 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 2006044 - Miðengi lóð L169073 og L188031, Gráhellu 1 og 2, breytt heiti lóða.

Lögð er fram umsókn Bjarna Guðmundsonar og Ingu Karólínu Guðmundsdóttur, dags. 20. maí 2020 er varðar breytingu á skráningu lóð Miðengis lóð L169073 og 188031. Eftir breytingu verði heiti lóðanna Gráhellu 1 og 2. Nafnið vísar í örnefni á svæðinu og eru lóðirnar sýndar á meðfylgjandi uppdrátti ásamt þremur öðrum lóðum á svæði sem vísað er í að sé austurhluti við Gráhelluklöpp.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytt heiti lóðanna og jafnframt að hinar þrjár lóðirnar innan meðfylgjandi uppdráttar fái sama heiti og viðeigandi númer. Skipulagsfulltrúa er falið að kynna málið fyrir þeim lóðarhöfum.

Mál nr. 10: 2006039 - Miðengi lóð (L188031); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Bjarna Guðmundssonar og Ingu Karólínu Guðmundsdóttur um tilkynningarskylda framkvæmd að lagfæra og byggja við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Miðengi lóð (L188031) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 33,8 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Ef engar athugasemdir berast vegna grenndarkynningar er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 11: 2006020 - Herjólfsstígur 1; Breyting á skilmálum; Mænishæð; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn frá Þorsteini H Kristvinssyni og Sóleyju Stefánsdóttir vegna breytinga á skilmálum deiliskipulags sem tekur til lóðar Herjólfsstígar 1. Óskað er eftir breytingu á skilmálum deiliskipulags með þeim hætti að heimiluð hámarks mænishæð verði aukin úr 5 metrum í 5,9 metra. Vakin er athygli á því að fleiri byggingar á svæðinu hafa einnig farið upp fyrir skilmálahæð 5,0 m.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Ásgarðs er varðar aukna mænishæð, að undangenginni málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að málið verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 12: 1911050 - Sólheimar L168279; Byggingarreitur fyrir þjónustuhús og baðhús; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Sólheimum SES vegna breytinga á deiliskipulagi svæðisins. Í breytingunni felst skilgreining á byggingarreit fyrir baðhús. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að hún málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á

deiliskipulagi. Breytingin er samþykkt með fyrirvara um uppfærslu á gögnum. Sveitarstjórn telur að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda og er því ekki talin ástæða til grenndarkynningar.

Mál nr. 15: 2006002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 123.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní 2020.

b) Fundargerð 42. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 10. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 294. fundar Sorpstöðvar Suðurlands, 23. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Frístund Kerhólsskóli.

Fyrir liggur niðurstaða úr könnun meðal foreldra barna í 1. – 4. bekk Kerhólsskóla skólaárið 2020-2021 um aukna opnun frístundar. Niðurstaða könnunarinnar er að þörf sé fyrir aukna opnun. Sveitarstjórn felur oddvita að vinna málið áfram með skólastjórnendum.

3. Fulltrúi í veitunefnd.

Fyrir liggur að aðalmaður veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, Ingibjörg Harðardóttir hefur beðist lausnar sem aðalmaður í veitunefnd sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði aðalmaður í veitunefnd út kjörtímabilið 2018-2022 og Ingibjörg Harðardóttir verði til vara.

4. Erindisbréf veitunefndar.

Fyrir liggja drög að erindisbréfi fyrir veitunefnd. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

5. Samstarfssamningur við Skógræktarfélag Grímsneshrepps.

Fyrir liggja drög að samstarfssamning við Skógræktarfélag Grímsneshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

6. Ársskýrsla og ársreikningur Hvatar 2019.

Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Hvatar 2019. Lagt fram til kynningar.

7. Skráning lögheimilis einstaklinga í sveitarfélaginu án tilgreinds heimilisfangs.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum sínum vegna mikillar fjölgunar á skráningu lögheimilis einstaklinga í sveitarfélaginu án tilgreinds heimilisfangs. Áhyggjur sveitarstjórnar snúa að skyldum sveitarfélagsins meðal annars um það hvort og hvert beri að veita þjónustu til einstaklinga ótilgreinda í hús. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að vinna málið áfram með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.

8. Tilboð í stígagerð á Borg 2020.

Fyrir liggja tilboð í lagningu göngustíga á Borg. Þrjú tilboð bárust, frá Smávélum ehf. kr. 38.631.700, Suðurtak ehf. kr. 38.628.100 og frá Jóni Ingileifssyni ehf. kr. 37.955.300. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægsta tilboði, frá Jóni Ingileifssyni ehf. Sveitarstjóra / oddvita falið að skrifa undir samninginn.

9. Erindi til stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

Um nokkurt skeið hafa húsnæðismál Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. verið til umræðu, meðal annars vegna þess að húsakostur í dag sé ófullnægjandi.

Grímsnes- og Grafningshreppur áformar að kanna möguleikann á að byggja tveggja hæða viðbyggingu við núverandi íþróttahús á Borg. Grunnflötur hvors rýmis yrði um 220 m². Á neðri hæð viðbyggingar verður íþróttastaða með tengingu við sundlaug og íþróttasal ásamt aðstöðu fyrir heilsutengda þjónustu og mögulega fyrir íþróttakennara. Húsnæðið getur verið tilbúið í nóvember 2021.

Á efri hæð hússins er fyrirhugað að komi skrifstofuhúsnæði. Þetta húsnæði getur rúmað 10-15 starfsmenn ásamt fundaraðstöðu eftir skipulagi. Húsið yrði tengt við núverandi stjórnsýsluhús með tengibyggingu svipaðri þeirri sem nú er á milli stjórnsýsluhúss og Kerhólsskóla. Núverandi fundaraðstaða í stjórnsýsluhúsi yrði breytt í skrifstofu og núverandi skrifstofu sveitarstjóra breytt í fjölnotarými fyrir minni fundi eða verkefnavinnu. Hægt er að stækka núverandi kaffistofu sveitarfélagsins til að koma fyrir nýjum starfsmönnum. Móttaka fyrir viðbyggingu væri sameiginleg móttöku sveitarfélagsins og gengið yrði inn um núverandi inngang. Meðfylgjandi er uppkast af skipulagi viðbyggingar til hliðsjónar.

Hugmynd sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps er að Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. gæti leigt skrifstofurýmið sem fyrirhugað er að byggja en hægt er að skipuleggja þessa 220 m² eftir þörfum þess aðila sem nýtir rýmið. Með því telur sveitarstjórn að hægt væri að leysa úr húsnæðisþörf embættisins til framtíðar.

Sveitarstjórn óskar eftir afstöðu stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. og aðildarsveitarfélaganna um það hvort embættið vilji nýta sér þessa aðstöðu.

10. Bréf frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita með ósk um umsögn um aðalskipulagsbreytingar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir vindorkugarð í Skáldabúðum.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita þar sem kynnt er skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til sölu gistingar í flokki II í Brúarholt 1, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 22. júní 2020 um umsögn vegna leyfis til gistingar í flokki II í Brúarholti 1, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

12. Beiðni sveitarstjórnarráðherra vegna fasteignaskattsálagningar vegna 2021.

Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júní 2020 þar sem kynnt er bókun stjórnar sambandsins og tillaga ráðherra vegna fasteignaskattsálagningar ársins 2021. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Skýrsla um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi.

Fyrir liggur skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi. Skýrslan lögð fram til kynningar.

14. Fréttabréf Vináttu.

Lagt fram til kynningar fréttabréf Vináttu.

15. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu drög að reglugerð um skráningu einstaklinga.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarauðlindaráðuneytinu drög að reglugerð um skráningu einstaklinga. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að því að haldin sé áreiðanleg skrá yfir einstaklinga og að skráningin sé rétt svo að hún skapi grundvöll fyrir tiltekin réttindi og tilteknar skyldur einstaklinga. Enn fremur er það markmið að skráning upplýsinga í þjóðskrá og tengdar skrár byggist á bestu fánlegu gögnum á hverjum tíma.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar því að stuðla eigi að því að haldin sé áreiðanleg skrá yfir einstaklinga og að stuðlað sé að því að sú skráning skapi tiltekin réttindi og tilteknar skyldur einstaklinga.

Svo skráning lögheimilis einstaklinga geti verið áreiðanleg og skapað einstaklingum réttindi og skyldur telur sveitarstjórnin að það sé grundvallarforsenda að sú skráning sé í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um skráningu einstaklinga 140/2019. Ef ekki verður betur girt fyrir ólögmætar skráningar lögheimilis einstaklinga en nú er gert þá er einsýnt að markmiðum reglugerðarinnar verður ekki náð. Nánar tiltekið verður skráin sjálf hvorki nægjanlega áreiðanleg, né munu einstaklingar geta notið réttinda eða borið skyldur sem lögmæt skráning lögheimilis hefði fært þeim.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins Óskari Sigurðssyni hrl. að útbúa umsögn um drögin að reglugerðinni um skráningu einstaklinga þar sem sjónarmiðum sveitarfélagsins til þessa verður komið á framfæri.



Kæru bændur og aðrir íbúar,

Verið er að fjarlægja gáminn fyrir dýrahæ sem staðsettur er á milli Ormsstaða og Hamra, hann er orðinn fullur.

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna mun ekki koma annar gámur í staðinn í bráð.

Við munum láta vita þegar nýr gámur kemur.

Sveitarstjóri



**487. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
15. júlí 2020 kl. 09:00 - 09:40
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Fundinn sátu:

- Ása Valdís Árnadóttir , oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Bjarni Þorkelsson

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir

**1. Fundargerð 77. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs
Uppsveita bs., 24. júní 2020.**

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 77. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. dagsett 24. júní 2020. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Mál nr. 1: Ársreikningur

Ársreikningur embættisins lagður fram og yfirfarinn. Tekjur embættisins voru 152.276.422 kr. og var seld þjónusta embættisins 8.657.218 kr. Framlög sveitarfélaganna voru 143.619.204 kr. og er kostnaðarskipting sveitarfélaganna eftirfarandi:

Grímsnes- og Grafningshreppur	40.198.972 kr. eða 28,0%
Bláskógabyggð	47.669.369 kr. eða 33,2%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	15.487.261 kr. eða 10,8%
Flóahreppur	16.459.000 kr. eða 11,5%
Hrunamannahreppur	12.431.286 kr. eða 8,7%
Ásahreppur	11.373.318 kr. eða 7,9%

Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn samhljóða.

2. Fundargerð 18. fundar stjórnar Bergrisans, 24. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð 19. fundar stjórnar Bergrisans, 6. júlí 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð 557. fundar stjórnar SASS, 29. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í fasteigninni Neðan-Sogsvegi 46, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. júlí 2020 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í fasteigninni Neðan-Sogsvegi 46, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

6. Minnisblað frá Sigurði Ármann Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana 2021 – 2024.

Fyrir liggur minnisblað frá Sigurði Ármann Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 2. júlí 2020 um forsendur fjárhagsáætlana 2021 – 2024. Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands um fasteignamat 2021.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 29. júní 2020 þar sem kynnt er fasteignamat 2021. Fasteignamat eigna í Grímsnes- og Grafningshreppi mun hækka um 1,3% á árinu 2021. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Könnun hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga á kjörum sveitarstjórnarfólks og framkvæmdarstjóra sveitarfélaga 2020.

Fyrir liggur könnun hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga á kjörum sveitarstjórnarfólks og framkvæmdarstjóra sveitarfélaga 2020. Könnunin lögð fram til kynningar.

9. Stöðuskýrslur teymis Félagsmálaráðuneytis, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Fyrir liggja stöðuskýrslur teymis Félagsmálaráðuneytis, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Skýrslurnar lagðar fram til kynningar.

10. Birt til umsagnar frá Félagsmálaráðuneyti drög að stefnu um barnvænt Ísland.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Félagsmálaráðuneytinu drög að stefnu um barnvænt Ísland. Lagt fram til kynningar.

11. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneyti frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds o.fl.).

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds o.fl.). Lagt fram til kynningar.

12. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneyti frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála. Lagt fram til kynningar.

13. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneyti frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneytinu frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Lagt fram til kynningar.



Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verður lokuð vegna
sumarleyfa starfsmanna



frá 20. júlí til og með 7. ágúst 2020.

Sumarleyfi sveitarstjórnar og næsti fundur hennar.

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi fyrri fund í ágúst.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður því,

19. ágúst 2020 kl. 9:00.



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

1930 - 2020

90
ÁRA

Íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps

Kæru sveitungar.

Í ár eru 90 ár liðin frá því móðir Sólheima, Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir stofnaði samfélagið Sólheima, með dyggum stuðningi fjölskyldu, vina, nágranna, ásamt þjóðkirkjunni, sóknarprestinum á Mosfelli og fleiri góðum velunnurum. Af því tilefni vilja stjórn, starfsmenn og allir íbúar Sólheima, leitast við að kynna staðinn og þá fallegu starfsemi og sögu sem hann býr yfir.

Þann 15. ágúst ætlum við að halda uppá hinn árlega Lífræna dag á Sólheimum. Við bjóðum því ykkur, kæru sveitungar til veislu og skemmtunar. Dagskráin er fyrir alla aldurshópa og við vonumst til að sjá sem flesta. Verið hjartanlega velkomin.

Dagskrá:

- 13:00 - 18:00 Lífrænn grænmetis markaður Sólheima og fleiri framleiðenda lífrænna vara
- 13:00 - 18:00 Skógræktin Ölur, „Gummi græni” tekur á móti gestum í Skógræktina
- 13:30 -15:30 Hestvagnar á Íslandi. Boðið upp á hringferð um staðinn í hestakerru.
Staðfest miðstöð bak við gömlu Völu
- 14:00 Tónleikar í kirkjunni með Sölku Sól
- 15:30 Dagskrárkynning og afhjúpun á útilistaverki eftir Hallsteinn Sigurðsson.
- 15.45 Starfsmenn og þjónustunotendur með fræðslu og kynningar í listhúsi
- 16:15 Skemmtun fyrir börnin í Íþróttahúsinu.
Pétur og úlfurinn, - brúðuleikhús eftir Bernd Odgrodnik
- 18:00 + Dagskrá lýkur

Vinnuskólinn

Vinnuskóla Grímsnes og Grafningshrepps lauk formlega föstudaginn 17. júlí með skemmtiferð til að fagna góðu vinnusumri og dugnaði unglinganna í skólanum. Krökkunum var hins vegar boðin vinna út júlí og þáðu flestir það enda af nægum verkefnum að taka. Magnús Hlynur Hreiðarsson, umsjónarmaður skólans tók meðfylgjandi myndir í ferðinni, sem segja meira en mörg orð, ekki síst heimsóknin í Adrenalin garðinn í Grafningi. Einnig var komið við í Trampólíngarðinum í Kópavogi og borðað í Kringlunni.





JARÐVINNUVERKTAKAR
FEDGAVERK
 Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

TÖKUM AÐ OKKUR STÓR OG SMÁ VERK.



JARÐVINNU, TÆTINGU
 ÞÖKULAGNINGU, JARÐHEFLUN,
 SNJÓMOKSTUR
 og BÍLAFLUTNINGA
 Netfang: verktaki89@gmail.com






Kæru eldri borgarar,

Mötuneyti Kerhólsskóla opnar aftur
 eftir sumarfrí 10. ágúst.

Hlökkum til að sjá ykkur aftur í
 ágúst.



Tilkynningar frá Kerhólsskóla

Leikskóladeild Kerhólsskóla opnar eftir sumarfrí
 fimmtudaginn 6. ágúst kl. 8.00.

Skólaásetning grunnskóladeilda Kerhólsskóla verður
 fimmtudaginn 20. ágúst kl. 14.00 í Félagsheimilinu Borg.
 Skólastarf hefst samkvæmt stundatöflu föstudaginn 21. ágúst.

Jóna Björg Jónsdóttir
 Skólastjóri Kerhólsskóla

Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnana frá kl. 8:15 - 11:00

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112




Lyfjaendurnýjun er hjá lækna riturum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020

BORGARSMÍÐUR
Tek að mér alhliða smíðavinnu



ÞORKELL
ÞORKELSSON
GSM: 848-3857
Netfang: 8483857@gmail.com



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Sólheimar 90 ára

Byggðakjarninn á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi fagnar 90 ára afmæli í ár með fjölbreyttum uppákomum þar sem hápunktur afmælisársins er menningarveisla Sólheima í sumar. Afmælisdagurinn sjálfur, sunnudagurinn 5. júlí var haldin sérstaklega hátíðlegur en Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur á 28 ára afmælisdegi hennar þann 5. júlí árið 1930.

Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og eiginkona hans, Eliza Reid voru sérstakir heiðursgestir 5. júlí.

Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir í tengslum við 90 ára afmælið.





ÁRTANGI

669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.



Upplýsingar á facebook, sveitagardur@gmail.com
sími 866-5168 eða 898-1599.

Kíkið á okkur á Facebook / Sveitagarðurinn-
Familypark
eða Instagram / sveitagardurinn.

Bundið slitlag á heimreiðar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti nýlega reglur um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins við lagningu bundins slitlags á heimreiðar að lögbýlum. Fyrirkomulagið er þannig að Vegagerðin greiðir kostnað við undirbyggingu vegarins og helming efra burðarlags, en Grímsnes- og Grafningshreppur ásamt ábúendum greiðir fyrir helming efra burðarlags og allan kostnað við klæðningu á veginn.

Reglurnar sem gilda um verkefnið má finna á heimasíðunni www.gogg.is undir Stjórnsýsla -> Reglur, styrkir og afslættir.

Athugið að ábúendur þurfa að skila inn umsókn **fyrir 1. september** ár hvert vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru árið eftir.

Hægt er að senda póst á netfangið gogg@gogg.is fyrir nánari upplýsingar.

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. júní til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað



Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFÖSS

HÓLABÚÐIN



Við höfum opnað verslun í Laugardalshólum og erum við með nauta- og lambakjöt ásamt ýmsum hannyrðum til sölu.

Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir [Laugardalshólar](#).

Opnunartími verslunar er:

Mánudaga - Fimmtudaga kl. 13-18

Föstudaga kl. 13-21

Laugardaga og Sunnudaga kl. 13-17

Heiða Björg sími 8931281

Jóhann Gunnar sími 8948081



Opnunartími í sumar frá 1. maí 2020

Mánudaga—fimmtudaga 10:00 —18:00

Föstudaga & laugardaga 10:00 —20:00

Sunnudaga 11:00 – 18:00

✓ Á grillið

✓ Langsteikin

✓ Ísinn



*Næstum allt sem þú þarft, líka það sem þú
þarft ekki neitt en langar bara í :)*

Velkomin

Íþróttamiðstöðin Borg



Sumaropnun

MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL: 10:00 - 22:00
LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA KL: 10:00 - 19:00



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími: 480-5580

*Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir
lokun*

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is